

Janúar 2013

Nautakjötsframleiðsla og staða holdanautastofnsins á Íslandi

Helstu áherslur.

- Eftirspurn eftir íslensku nautakjöti er mun meiri en innlendir framleiðendur anna. Nokkuð er því flutt inn af nautakjöti á hverju ári
- Miðað við stöðuna í dag eru ónýttir möguleikar í innanlandsframleiðslu sem felast í auknum ásetningi nautkálfa og bættri nýtingu á vaxargetu þeirra gripa sem nú eru nýttir til kjötframleiðslu
- Á landinu finnast gripir af þremur holdakynjum, Galloway, Aberdeen Angus og Limousine, en hlutdeild þeirra er lítil í heildarframleiðslunni og litlir möguleikar á aukningu miðað við þær forsendur sem fyrir hendi eru í dag. Stærstur hluti framleiðslunnar er hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu þar sem nýttir eru nautkálfar af hreinu íslensku kyni
- Lítil fjöldi gripa og mikill skyldleiki þeirra gripa sem til eru af holdakyni gerir sjálfbæra ræktun til lengri tíma ómögulega. Ef stunda á kjötframleiðslu í einhverjum mæli með holdagripum hér á landi þarf innflutningur á erfðafni úr holdakynjum að koma til.
- Innflutningur á erfðafni úr holdakynjum myndi einn og sér ekki nýtast sem skyldi nema að gerðar verði ráðstafanir til að byggja upp innviði greinarinnar sem og umgjörð hennar hér á landi s.s. aðferðir við kjötmat, skýrsluhald og ráðgjöf. Slíkt myndi nýtast öllum framleiðendum nautakjöts hvort heldur sem framleiðslan er þeirra aðalbúgrein eða hliðarbúgrein með mjólkurframleiðslu
- Innflutningur erfðafnis og gripa er bannaður en hægt er að sækja um undanþágur frá slíku banni og eru fordæmi fyrir því að þær hafi verið veittar. Talsvert strangar kröfur hafa verið gerðar um einangrun og sóttvarnir og skoða þarf vel hvaða leiðir er hægt að fara ef til innflutnings kemur með það að markmiði að lámárka kostnað eftir fremsta megni og hámarka nýtingu erfðafnisins til hagsbóta fyrir búgreinina.

I. Inngangur

Á undanförunum árum hefur afkoma nautakjötsframleiðslu hér á landi verið mjög breytileg og má segja að verið til framleiðenda hafi ekki haldið í við kostnaðarhækkanir. Þessi mál haf verið til umræðu á aðalfundum Landssambands kúabænda og það gerðar ályktanir í þá veru að gripa til aðgerða til þess að styrkja og efla greinina.

Nautakjötsframleiðsla á Íslandi er að stórum hluta stunduð sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu en þó er nokkur hópur bænda sem stundar kjötframleiðslu sem sjálfstæða búgrein. Sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu byggir nautakjötsframleiðslan því að miklu leyti á íslenska mjólkurkúakyninu en þó eru í landinu gripir af 3 holdakynjum. Galloway gripir voru á sínum tíma fluttir inn til landsins með það að markmiði að koma upp hjörðum holdagripa og seinna var ráðist í innflutning á Aberdeen Angus gripum og Limousine gripum til notkunar í blendingsrækt við kjötframleiðslu. Þessi kyn voru á sínum tíma flutt til landsins með það að markmiði að hægt væri að framleiða nautakjöt með hálfblendingum þar sem annað foreldrið væri íslenskt en með tímanum hafa orðið til hjarðir gripa sem geta verið mjög breytilegar að samsetningu, bæði hvað varðar blendingshlutfall og samsetningu þeirra fjögurra kynja sem til ráðstöfunar eru. Á það hefur verið bent að brýna nauðsyn beri til þess að brýnna sé en nokkru sinni fyrr að erfðæfni hérlendra holdanautakynja verði endurnýjað svo fljótt sem verða má. Í kjölfar ályktunar aðalfundar Landssambands kúabænda á Akureyri í apríl 2011 þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, er hvattur til að beita sér af festu og einurð fyrir því að mögulegt verði að flytja inn holdanautasæði frá viðurkenndum einangrunarstöðum í þeim nágrannalöndum okkar, þar sem heilbrigðisástand nautgripa er hvað best var skipaður starfshópur til þess að fara yfir málið. Starfshópnum er ætlað að fjalla um um hvernig standa megi sem best að því að endurnýja og styrkja holdanautastofn á Íslandi .

Starfshópin skipa:

Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar

Auður Lilja Arnþórsdóttir, skipuð samkv. tilnefningu MAST

Magnús B. Jónsson, skipaður samkv. tilnefningu BÍ

Snorri Ö. Hilmarsson, skipaður samkv. tilnefningu BÍ

Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir tók síðar sæti Auðar Lilju Arnþórsdóttir sem fulltrúi MAST.

II. Kjötframleiðslukyn á Íslandi og hjarðbúskapur

Erfðæfni úr 3 holdakynjum er til hér á landi. Er það sæði úr nautum sem áður voru haldin í einangrunarstöðinni í Hrísey og tilkomin annað hvort með innflutningi á sæði í einangrunarstöðina eða fósturvísunum. Nautastöð Landssambands kúabænda ehf. rak einangrunarstöðina til ársins 2007 þegar félagsskapnum var slitið. Þeir gripir sem til voru í stöðinni voru þá seldir en það sæði sem er til er varðveitt hjá Nautastöð Bændasamtaka Íslands sem sér nú um dreifingu á því sé þess óskað. Lítil eftirspurn er eftir sæði úr þessum gripum og eru það nær eingöngu mjólkurframleiðendur sem panta slíkt sæði og þá í mjög litlum mæli. Árið 2011 voru til að mynda aðeins skráðar 581 sæðingar með holdasæði en heildarfjöldi sæðinga það ár voru 42.184 og því voru sæðingar með holdasæði aðeins um 1,4 % af öllum skráðum sæðingum

II.1 Kjötframleiðslukynin

II.1.1 Galloway

Á árumunum upp úr 1930 var farið í mikið átak til eflingar búfjárrækt hér á landi og var í því skyni m.a. voru árið 1933 fluttir til landsins nautgripir frá Skotlandi af fjórum breskum holdakynjum. Sitt nautið af hverju kyninu: Stutthyrningur, Aberdeen Angus, Highland (skoska hálandiskynið) og Galloway og ein kvíga af Galloway-kyni. Gripirnir voru settir í einangrun í Þerney á Kollafirði. Fljótlega kom þar í ljós í einu nautanna ókunnur húðsjúkdómur. Kvígan eignaðist áður nautkálfi í eygni og var hann strax einangraður og síðar fluttur í land. Sá Gallowaykálfiur varð síðan ættfaðir Gallowayblendinga sem lengi voru aldir í Gunnarsholti og þaðan dreift nokkuð um landið eftir miðja öldina. Gallowayblendingar þóttu bráðþroskaðri og gefa kjötmeiri föll en hreinir íslenskir sláturgripir og naut af Gunnarsholtsstofni voru m.a. um skeið notuð Kynbótsstöð Búnaðarsambands Suðurlands í Laugardælum og á Nautastöð BÍ á Hvanneyri og voru nokkuð notuð.

Galloway hjarðirnar í Gunnarsholti og seinna á Hvanneyri voru afkomendur þessara grips. Einnig voru nokkrir bændur sem stunduðu kjötframleiðslu af holdablendingum sem áttu uppruna sinn í hjörðinni í Gunnarsholti.

Síðar var svo heimilað að flytja inn sæði úr Galloway gripum frá Bretlandi og fór sá innflutingur í gegnum einangrunarstöðina í Hrísey. Aðferðafræðin sem notuð var kallast hreinræktun með endurteknum sæðisinnflutningi þar sem blendingar tilkomnir með sæðingum voru sæddir með innfluttu sæði og hlutdeild erfðafnis af Galloway þar með aukið í næstu kynslóð. Galloway var fyrsta kjötframleiðslukynið sem kom til landsins. Það var á þeim tíma þó líklega fyrst og fremst þekkt og notað erlendis vegna þess að kynið telst vera harðgert beitardýr sem býr yfir góðum móðureiginleikum, fremur en vaxargetu en kjöttgæðin þykja einnig mjög góð. Á Íslandi eru til nokkrar hjarðir sem að meginstofni eru Galloway þar sem nokkrir bændur virðast hafa haldið tryggð við kynið. Þar sem æternisskráningar eru í mörgum tilfellum ekki fullnægjandi er þó erfitt að gera sér grein fyrir því hvernig nákvæm samsetning hjarðanna er, hvort um hreina Galloway gripi er að ræða, eða blendinga með einhverju af hinum þrem kúakynjunum sem finnast í landinu. Sæði úr Galloway gripum er ennþá til hjá Nautastöð Bændasamtaka Íslands. Eftirspurn er minni eftir Galloway sæði en sæði úr hinum kjötkynjunum. Af skráðum sæðingum með holdasæði árið 2011 voru aðeins um 10% með sæði úr Galloway nautum.

II. 1.2 Limousine og Aberdeen Angus

Árið 1994 var, fyrir tilstuðlan Landsambands kúabænda, ráðist í innflutning fósturvísa af kynjunum Limousine og Aberdeen Angus. Fósturvísarnir voru fluttir inn frá Danmörku og var ákvörðun um upprunaland gripa tekinn með hliðsjón af sóttvarnarmálum. Kálfi af því kyni fæddust árið 1995 í einangrunarstöðinni í Hrísey. Fluttir voru inn tveir systkina hópar sem síðan voru notaðir með góðum árangri til framleiðslu einblendinga en sökum mikils skyldleika þeirra gripa sem fluttir voru inn þá hefur það hamlað framræktun þeirra. Aberdeen Angus er upprunnið í Skotlandi og er eitt af útbreiddustu holdakynjum í heimi. Þykir henta sérstaklega vel þar sem hjarðbúskapur er stundaður þar sem gripirnir þola útingang vel. Aðrir kostir teljast vera litlir burðarferfiðleikar, mikil kjöttgæði og að kynið er kollótt. Limousine er upprunnið í Frakklandi og er einnig nokkuð útbreitt kyn. Það er talið sámilega harðgert og einnig þykir það nýta fóður vel. Kjöttgæði gripa af þessu kyni þykja mjög mikil. Mest er notað af sæði úr Aberdeen Angus en 67 % af skráðum sæðingum með holdasæði var með sæði úr því kyni. Sæði úr Limousine var notaði í 23% skráðra sæðinga.

II.2 Hjarðbúskapur og nýting erfðaefnis

Í dag eru tæplega 1500 blendingskúr skráðar á Íslandi og mynda þær grunnstofn þeirra gripa sem nýtast til ræktunar á þessum kynjum. Flestar þessar kúr eru í eigu „hjarðbænda“ þó einstaka blendingskúr séu til og nýtist til kjötframleiðslu hjá mjólkurframleiðendum. „Svokallaðir hjarðbændur“ eru mun færri en mjólkurframleiðendur. Vorið 2012 voru 7 bú með fleiri en 50 holdakúr, ekkert þeirra með mjólkurkúr, 14 voru með 20-50 holdakúr, þrjú þeirra með 40 – 85 mjólkurkúr, 29 með 10-19 holdakúr og 8 þeirra með 17 – 70 mjólkurkúr, 73 bú með 1-9 holdakúr og 30 þeirra með 1-120 mjólkurkúr. Af 129 eigendum samtals 1639 holdakúna voru 36 með 10 eða fleiri mjólkurkúr. Félag nautakjötsframleiðenda er félagsskapur bænda sem stunda kjötframleiðslu sem búgrein, félagsmenn eru 29 talsins. Formaður þess félags er Snorri Hilmarsson bóndi á Sogni í Kjós

Hjarðbúskapur á Íslandi er mismunandi milli landsvæða og eftir aðstöðu bænda. Í flestum tilvikum eru bændur með kúrnar úti allt árið eða eða þær liggja við opið, en sláturgripir eru aldir inni. Stærð hjarðanna er mismunandi allt frá 10 og upp í rúmlega 100 kúr. Samsetning hjarðanna er líka töluvert mismunandi, þó er gegnumgangandi að þeir sem eru með hvað stærstar hjarðir leitast við að hafa sem minnst íslenskt mjólkurkyn í hjörðunum.

Vegna tvöfalds háralags og margra alda útigangs þola Angus og Galloway kúrnar mjög vel íslenskt veðurfar og henta vel í hjarðbúskap eins og hann er stundaður hér á landi. Gripirnir eru heilbrigðir og burður gengur vel, sér í lagi hjá kúm sem ganga úti.

Hjarðirnar í landinu samanstanda af því erfðaefni sem flutt hefur verið inn. Galloway gripir eru afkomendur gripa sem komu um 1930 og þeirra gripa sem ræktaðir voru upp á einangrunarstöðinni í Hrísey. Fimmtán naut eru til á skrá hjá Nautastöð Bændasamtakanna en ekki er ljóst hvort raunverulega er til sæði úr þeim öllum þar sem mjög lítið magn er er skráð til úr sumum einstaklinganna. Árið 2011 var notað sæði úr 7 einstaklingum af Galloway stofni. Sá elsti var fæddur 1983 en sá yngsti 1990. Sæði úr þremur nautum af hvoru kyni er til ráðstöfunar úr Aberdeen Angus og Limousine. Þar af eru tveir hálfbræður í báðum hópum þannig að um mjög skylda gripi er að ræða sem hamlar notkun á erfðaefninu vegna hættu á of miklum skyldleika. Þeir bændur sem hafa reynt að rækta upp holdahjarðir hafa því reynt að fara aðrar leiðir t.d með því að blanda saman kynjum og/eða kaupa þarfanaut af öðrum búum. En það getur þó verið erfitt vegna takmörkunar á flutningi milli svæða. Illa hefur gengið að nota sæðingar á kúr í þessum hjörðum og dæmi um að árangur úr sæðingum fari allt niður í 10%. Hjarðbændur telja því í dag álitlegri kost að geta frekar keypt hreinræktaða kálfa til notkunar heima á búum sínum fremur en að treysta á sæðingar. Skoða þyrfti ástæður þessa slaka árangurs hér á landi sérstaklega því erlendis eru sæðingar notaðar með viðunandi árangir á holdagripi til að dreifingar á erfðaefni.

II.2.1 Erfðafræðileg staða holdanautastofnsins

Út frá því sem fram kemur hér að ofan má sjá að þeir gripir sem til eru hér á landi af holdakynjunum þremur eru í raun mjög lítill hluti af heildarfjölda nautgripa á Íslandi. Ekki er hægt að færa rök fyrir því að Aberdeen Angus og Limousine séu til hér sem kyn heldur er frekar um að ræða að erfðaefni úr örfáum gripum af þessum kynjum hafi verið notað til innblöndunar. Galloway kynið á sér hins vegar mun lengri sögu hefur verið til hér á landi síðan á fyrri hluta síðustu aldar. Skráningar á ætterni gripana er ekki til þess fallið að áætla hlutdeild hvers kyns fyrir sig í þessum hópi en telja má víst að nær allar mögulegar samsetningar af kynjunum 4 finnast í þessum hópi.

Þrátt fyrir að erfitt sé að gera heildstæða úttekt á erfðafræðilegri stöðu stofnsins, ef miðað er við þennan litla hóp gripa og það erfðaefni sem er til ráðstöfunar hér í dag er hægt að segja með talsverðri vissu að ekki er möguleiki að stunda sjálfbært ræktunarstarf í holdakynjunum


Þremur því skyldleiki gripa er of mikill. Það mætti þó hugsa sé að hægt væri að nýta þetta erfðaeefni að einhverju leyti betur með því að setja upp skipulag um blendingsrækt sem miðaði að því að nýta kynin fjögur á besta mögulegan máta. Það breytir því þó ekki að erfðaeefnið er gamalt í þeim skilning að talsverðar framfarir hafa án efa orðið í ræktun kynjanna frá því að það var flutt inn og auðvitað eru birgðirnar ekki óþrjótandi.

III. Framleiðsla og sala á nautakjöti

Nokkur umræða hefur verið upp á síðkastið um að nauðsynlegt sé að efla nautakjötsframleiðslu innanlands. Undanfarin ár hefur innanlandsframleiðsla ekki náð að anna eftirspurn og nokkur aukning orðið á innflutningi á nautakjöti.

Á árunum 2005 til 2011 hefur árleg framleiðsla nautakjöts hérlendis verið um 3200 – 3900 tonn, en neyslan hefur verið örlítið breytilegri milli ára og innflutingur nautakjöts sveiflast á þessu tímabili. Árið 2006 voru flutt inn 549 tonn af nautakjöti en síðan dró úr innflutningin og árið 2010 voru aðeins flutt inn 100 tonn.

Á árinu 2011 var fyrirsjáanlegur skortur á nautakjöti í landinu og var brugðið á það ráð að lækka tímabundið tolla á innfluttu kjöti til að koma í veg fyrir að skortur yrði á vörunni. Umtalsverð aukning varð á innflutningi nautakjöts og samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru flutt inn 428,4 tonn. Samkvæmt samantekt Landsambands kúabænda var heildarframleiðsla ársins 2012, 4112,8 tonn og fyrri helming ársins 2012 höfðu verið flutt in , 52 tonn af nautgripakjöti.



Neysla nautakjöts hefur verið nokkuð stöðug síðustu ár og var 12,7 kg á íbúa árið 2010. Íbúafjöldi hefur einnig vaxið nokkuð jafnt og þétt síðastliðna áratugi ef undanskilið er árið 2009 og því fyrirsjáanlegt að auka verður framleiðsluna ef reyna á að mæta aukinni þörf, að einhverju eða öllu leyti með innanlandsframleiðslu.

Framleiðsla á nautakjöti hér á landi er að mestu leyti með alíslenskum gripum þar sem nautkálfar eru settir á og aldir sem hliðarbugrein við mjólkurframleiðslu. Annað nautgripakjöt sem kemur inn til slátrunar eru kýr, kvígur og ungdálfar. Kjötmat á nautgripakjöti er samkvæmt reglugerð 882/2010 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða. Þar er yfirleitt miðað við þrjá holdfyllingarflokkka og 5 fituflokkka. Nokkuð hefur verið rætt um

nauðsyn þess að taka upp skilvirkara kjötmat á nautakjöti enda nái núverandi kjötmat ekki að fanga breytileika í holdfyllingu nægjanlega vel.

Úr tölum um innlagt nautakjöt á fyrsta helmingi ársins 2012 má sjá að ungnautakjöt (UN) er um 58 % af innlögðu kjöti en kýrkjöt og kjöt af ungfálfum um 42 %. Naut, uxar og kvígur undir 30 mánaða aldri flokkast sem ungnautakjöt. Í ljósi þess að sæðingar með holdasæði eru hverfandi litlar, kvígur aldar til mjólkurframleiðslu og að gelding nauta er ekki mjög almenn, má gera ráð fyrir því að hér sé mestmegnis um að ræða naut af íslensku kyni.

Þar sem allt að tvö ár tekur að ala nautgrip upp í sláturstærð getur tekið greinina nokkurn tíma að bregðast við breytingum í eftirspurn. Þar sem langflestir framleiðendur eru með nautakjötsframleiðslu sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu geta aðrir þættir s.s. möguleikar til fóðuröflunar, húsakostur og aðrar aðstæður til framleiðslunnar verið takmarkandi þáttur en á móti kemur að eflaust má víða finna ónotaðar byggingar sem gætu nýst til nautakjötsframleiðslu

Að jafnaði fæðast örlítið fleiri nautkálfar en kvígukálfar á hverju ári og er hlutfallið um það bil 55 % naut á móti 45% kvígna. Árið 2011 fæddust 13330 nautkálfar á Íslandi, samkvæmt skráningum í gagnagrunn nautgriparæktarinnar. Af þeim voru 63,5 % settir á til kjötframleiðslu sem er örlítill aukning ef horft er til áraanna á undan. 16,4 % fæddust dauðir, drápuð í fæðingu eða innan við 30 dögum frá burði en 19,7 % eða rúmlega 2600 nautkálfum var fargað.

Samanburðarrannsóknir á blendingum og gripum af íslensku kyni hafa sýnt að fóðurnýting blendinga er betri og vaxtarhraði er meiri. Eðli málsins samkvæmt eru þetta einnig holdfylltari gripir og gefa meira kjöt og hafa hærra hlutfall verðmeiri vöðva. Miðað við hlutfall blendingskúa af heildarfjölda kúa í landinu ásamt þeim litla hluta mjólkurkúa sem sæddur er með holdasæði má gera ráð fyrir að um 10-15 % nautgripa sem koma til slátrunar á hverju ári séu að einhverju leyti af holdakyni. Við þetta má bæta að athugun Önnu Lóu Sveinsdóttur (2009) sýndi að mikill munur er á vaxtarhraða, fallþunga og sláturaldri milli gripa frá einstaka framleiðendum sem bendir til þess að í mörgum tilfellum megi gera mun betur þegar kemur að eldi nautgripa til slátrunar hér á landi.

Ef horft er til stöðunnar í dag þá er ljóst að grípa mætti strax til ráðstafana til að auka nautakjötsframleiðsluna með meiri ásetningi og markvissara eldi, sérstaklega hjá þeim bændum sem framleiða nautakjöt sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu með eigin nautkálfum. Nautakjötsframleiðsla sem sjálfstæð búgrein með hreinum íslenskum gripum getur hins vegar varla talist ákjósanlegur kostur þar sem kynið er fyrst og fremst ræktað sem mjólkurframleiðslukyn og önnur kyn því betur fallin til þess að standa undir framleiðslu á nautakjöti hvort heldur sem hrein kyn eða í blendingsrækt.

Þrátt fyrir að hér á landi sé til erfðaefni úr þremur mismunandi nautgripakynjum sem öll eru sérstaklega ræktuð til kjötframleiðslu getur það tæplega talist nægjanlegt til að byggja öfluga nautakjötsframleiðslu á. Það sæði sem til er hjá Nautastöð Bændasamtaka Íslands gæti þó vel nýst ef eingöngu væru um að ræða ræktun hálfblendinga með íslenskum mjólkurkúm og færa má rök fyrir því að setja mætti upp áætlun um blendingsrækt í nokkrar kynslóðir sem miðaði að því að nota þess þrjú kyn auk íslenska kúakynsins. Þetta erfðaefni er hins vegar ekki óþrjótandi brunnur auk þess sem það verður að teljast orðið gamalt. Nýtt erfðaefni hefur ekki komið til landsins síðan 1994. Það erfðaefni sem er til ráðstöfunar er úr fáum og skyldum gripum þannig að mikill skyldleiki gripa er nú orðinn mjög hamlandi þáttur auk þess sem búast má við að talsverðar framfarir hafi orðið í viðkomandi stofnum frá þessum tíma.

Þeir holdagripir sem til eru hér á landi eru ekki hluti af neinu skipulögðu ræktunarstarfi. Ekki hefur verið haldið skipulega utan um það hvernig kynin hafa verið notuð og hver er

erfðafræðileg samsetning þeirra gripa sem til eru. Skýrsluhald umfram lögbundnar merkingar gripa er ekki til staðar og því litlar upplýsingar til um afurðir þessara gripa .

IV. Lagaumhverfi og möguleikar á innflutningi erfðaefnis

IV.1 Lagaumhverfi

IV. 1.1 Lög n.r 54/1990 um innflutning dýra með síðari breytingum.

Í 2. gr. laganna segir 1. mgr. „Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða vilt, svo og erfðaefni þeirra“.

Í 4. mgr. 2. gr. laganna segir svo: „Ráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis, (sbr. þó 4. gr. a) (og 3. mgr. 13. gr.), enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.“ (4. gr. a lýtur að innflutningi á gæludýrum) (3. mgr. 13 gr. lýtur að innflutningi á djúpfrystu svínasæði.)

„3. gr. Þegar yfirdýralæknir mælir með innflutningi dýra eða erfðaefnis skal hann skila rökstuddu álitum um heilbrigðisástand í viðkomandi landi eða landsvæði og meðmælum skulu fylgja vottorð frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum um að þar hafi ekki orðið vart sjúkdóma í dýrum sem sérstaklega þarf að óttast hér á landi.

4. gr. Áður en leyfi til innflutnings á búfé eða erfðaefni þess er veitt skal ráðherra leita álits fagráðs í viðkomandi búgrein og skal það meta þörf eða hugsanlegan ábata fyrir íslenska búfjárrækt af slíkum innflutningi. Skal fagráð gera tillögur um hvaða kyn og tegund skuli flytja inn, með hvaða hætti og frá hvaða landi. Fagráð getur lagt til annað form á innflutningi en umsækjandi gerir ráð fyrir telji hún það tryggara og forsendur fyrir meðmælum með umsókninni“.

„6. gr. Ráðuneytið hefur eftirlit með og ber ábyrgð á innflutningi búfjár sem heimilaður kann að verða samkvæmt lögum þessum. Á sama hátt hefur það eftirlit með framræktun kynja sem inn verða flutt, en ráðherra er þó heimilt að fela hana einstökum búgreinasamböndum eða ræktunarfélögum, enda mæli yfirdýralæknir og viðkomandi fagráð með því. Viðkomandi aðili skal þá sýna fram á að hann geti fullnægt öllum skilyrðum um sóttvarnir og aðbúnað og kostað framræktunina að öllu leyti. Slíkt framsal skal ávallt bundið við eitt innflutningsleyfi með ákveðnum tímamörkum.

7. gr. Vegna innflutnings á dýrum og erfðaefni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

8. gr. Þegar dýr eða erfðaefni er valið til innflutnings skal hvert einstakt dýr, sem flytja skal inn, karldýr, sem eru fyrirhugaðir sæðisgjafar, og foreldrar, sem gefið hafa frjóvguð egg, heilbrigðisskoðuð af embættisdýralækni og skulu vottorð og aðrar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir áður en innflutningur fer fram. Fósturvísa, egg eða sæði má aðeins flytja frá viðurkenndum kynbótastöðvum þar sem fylgst hefur verið með heilbrigði foreldra eða foreldris nægilega lengi að mati Matvælastofnunar. Ráðherra skal setja reglur samkvæmt tillögum Matvælastofnunar um kröfur til hvers kyns upplýsinga og vottorða sem þurfa að liggja fyrir áður en slíkur innflutningur er leyfður.

9. gr. Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr., á sóttvarnastöð svo lengi sem Matvælastofnun telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

10. gr. Innflutt dýr eða dýr, sem hafa vaxið af innfluttu erfðæfni, má aldrei flytja út af sóttvarnastöð. Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðæfnis getur Matvælastofnun heimilað að dýr eða erfðæfni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð“.

Hér að ofan eru tíunduð þau atriði í lögnum sem kveða skýrast á um hömlur á innflutningi nautgripa. Grunnhugsun laganna er að allur innflutningur á dýrum sé bannaður, svo eru veittar undanþágur.

IV.1.2 Undanþágur

Undanþágur virðast geta gilt um innflutning hvort sem er á lifandi dýrum eða erfðæfni eins og sæði og fósturvísun. Lifandi nautgripir hafa ekki verið fluttir inn til landsins síðan 1933. Ekki er líklegt að Matvælastofnun muni leggja til innflutning á lifandi nautgripum. Með lifandi dýrum er talsverð hættu á að berist sýklar sem ekki eru í umhverfi íslensks búfjár, það geta verið veirur, bakteríur, sveppir og sníkjudýr.

Á árunum 1976 – 1987 var flutt inn sæði úr Galloway nautum frá Skotlandi til notkunar í Einangrunarstöðinni í Hrísey. Til Hríseyjar höfðu verið fluttar kvígur, bæði af hreinum íslenskum stofni og blendingar af íslenskum stofni og gömlum skoskum Galloway stofni. Haustið 1979 var farið að senda sæði úr nautum fæddum í Hrísey í land.

Árið 1994 voru fluttir inn fósturvísar úr Aberdeen Angus og Limousine kúm frá Danmörku og settir í kýr í Einangrunarstöðinni í Hrísey.

IV.2 Innflutningur og reglur ESB

IV.2.1 Innflutningur á sæði

Almennt gilda mjög strangar reglur um sæðingastöðvar í Evrópusambandinu og Noregi gagnvart alvarlegustu sjúkdómum sem geta herjað á nautgripi skv. tilskipun Evrópuráðsins 14. júní 1988 nr. 88/407/ESB *um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni.*

Allir nautgripir sem koma á sæðingarstöð eiga að vera í einangrun í að minnsta kosti 30 daga áður en þeir koma inn á stöðina, þeir verða að vera frá búum sem eru opinberlega laus við berkla (tuberculosis) og öldusótt (brucellosis, smitandi fósturlát).

Gripirnir eiga að hafa verið prófaðir við ofangreindum sjúkdómum og smitandi nautgripahvítblæði, (Enzootic bovine leucosis (EBL)), smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum/smitandi skeiðarútbroti (IBR/IPV), veiruniðurgangi (smitandi slímhúðarpest, bovine viral diarrhoea/mucosal disease, BVD/MD), smitandi nautgripafósturlát (Bovine genital campylobacteriosis, campylobacter fetus fetus) og meðhöndlaðir með 14 daga millibili með fúkkalyfjum sem vinna á fósturláti í kúm (trichomonosis).

Gripir sem koma inn á sæðingastöð mega aðeins koma frá búum sem eru meira en 10 km frá stað þar sem komið hefur gin og klaufaveiki undanfarna 30 daga. Þau verða að koma frá stöðum sem hafa undanfarna 30 daga verið lausir við gin og klaufaveiki, brucellosis og tilkynningarskylda nautgripasjúkdóma í samræmi við viðauka E við tilskipun 64/432/EBE. Auk áðurnefndra sjúkdóma eru þar taldir upp, berklar, hundæði, illkynja brjósthimnubólga, smitandi nautgripahvítblæði og miltisbrandur.

Þó að nautin sem sæðið er tekið úr eigi að vera heilbrigð á sæðistöku og í sæðisblöndunarvökvanum eigi að vera fúkkalyf sem taka á öllum helstu bakteríum er ekki hægt að útiloka að einhverjar veirur sem ekki er prófað fyrir berist með sæðinu. Þar má nefna Schmallerberg veiruna sem var óþekkt fyrir nokkrum misserum og ekki er vitað fyllilega

hvernig berst öðru vísi en með *culicoides* flugum sem óhjákvæmilega geta borist inn í á sæðissöfnunarstöð.

IV.2.2 Innflutningur fósturvísa

Varðandi flutning á fósturvísnum milli landa gildir Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 *um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísnum húsdýra af nautgripakyni.*

Þar eru mjög skýr ákvæði um hópa sem taka fósturvísa og eru undir opinberu eftirliti. Fósturvísarnir eiga annað hvort að vera frjóvgaðir með sæðingu eða á viðurkenndri vinnustofu með eingöngu með sæði teknu á viðurkenndri sæðingarstöð.

Í viðauka B eru skilyrðin sem sett eru um heilbrigði fósturvísa- eða egggjafara. Þeir verða að hafa verið á yfirráðsvæði bandalagsins eða í þriðja tókulandi hið minnsta í 6 mánuði. Þeir eiga að hafa verið í minnst 30 daga í sömu hjörð, þeir eiga að vera í hjörð sem er opinberlega laus við berkla (tuberculosis), opinberlega laus við smitandi fósturlát (brucellosis) eða laus við smitandi fósturlát og laus við smitandi nautgripahvítblæði, (Enzootic bovine leucosis (EBL)), það er ekki skilyrði að hjörðin sé opinberlega laus við smitandi hvítblæði en það mega ekki hafa greinst slík sjúkdómseinkenni undanfarið 3 ár. Undanfarið ár mega þeir ekki hafa verið í hjörð þar sem greinst hefur smitandi kverka- og barkabólga í nautgripum/smitandi skeiðarútbrot (IBR/IPV). Daginn sem söfnun fósturvísa fer fram má hjörðin ekki vera undir neinum opinberum sóttvarnarskilyrðum og gjafararnir verða að vera heilbrigðir.

Það vekur athygli að í tilskipuninni er ekki minnst á ákveðna sjúkdóma sem talað er um í tilskipuninni um sæðingarstöðvar, veiruniðurgang (smitandi slímhúðarpest, bovine viral diarrhoea/mucosal disease, BVD/MD), smitandi nautgripafósturlát (Bovine genital campylobacteriosis, campylobacter fetus fetus) eða fósturlát í kúm (trichomonosis).

Vissulega er í tilskipuninni ákvæði um hvernig meðhöndla eigi fósturvísana og hvernig þeir eru þvegnir og þeir eiga að vera með óskemmda eggghimnu (zona pellucida).

Ef ætlunin væri að flytja inn til Íslands fósturvísa væri eðlilegt að einskorða sig við lönd sem ekki hafa þá sjúkdóma sem við teljum hættu á að geti borist með fósturvísunum og krefjast blóðsýna til öryggis.

IV.2.3 Hvort ætti að flytja inn sæði eða fósturvísa

Það er greinilegt að heilbrigðiseftirlitið með sæðingastöðvum í ESB og Noregi er mjög gott. Hins vegar er ekki alveg hægt að útiloka að í sæðisvökvanum gætu leynst veirur.

Íslensk stjórnvöld geta gert álíka miklar kröfur til fósturvísa eins og ESB reglurnar eru um sæði og valið fósturvísa frá löndum eða svæðum þar sem heilbrigði nautgripa er mjög gott. Þannig má segja að áhættan við innflutning á fósturvísnum gæti jafnvel verið minni en með sæðisinnflutningi.

Eins og lög nr. 54/1990 *um innflutning dýra með síðari breytingum* eru þarf að flytja sæði eða fósturvísa inn í sóttvarnastöð og það má ekki flytja þau dýr sem vaxa af innflutta erfðæfninu úr stöðinni. Það hefur ekki breyst varðandi nautgripi frá síðasta innflutningi. Til að koma erfðæfninu í land, þyrfti annað hvort að láta þau dýr sem fæðast í stöðinni eignast afkvæmi saman eða taka fósturvísa og sæði úr þeim til notkunar í landi. Fósturvísarnir yrðu þá að vera úr sæði teknu í stöðinni.

Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey var byggð þannig að þar var aðstaða til þess að taka og frysta sæði og sú aðstaða nýttist vel til fósturvísatöku einnig.

Í 13. gr. laga nr. 54/1990 eru ýmsar undanþágur. „Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. þessara laga er ráðherra heimilt að leyfa innflutning loðdýra, sem haldin eru í búrum, frjóvgæðra alifuglaeggja frá viðurkenndum kynbótabúum, fiska og erfðæfnis þeirra, svo og svína og erfðæfnis þeirra frá viðurkenndum kynbótabúum eða sæðingarstöðvum á einangrunarstöð undir eftirliti umsjónardýralæknis. Slíkt leyfi skal þó aðeins veita ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis. Aðeins skal leyft að flytja dýr úr einangrunarstöð á bú sem fullnægja þeim ákvæðum sem yfirdýralæknir setur til að hindra smithættu frá þeim og fá viðurkenningu fagráðs í greininni. Dýr má ekki flytja úr einangrunarstöð fyrr en þau hafa dvalið svo lengi í einangrun að tryggt þyki að mati yfirdýralæknis að þau séu ekki haldin neinum smitsjúkdómi.

Innflutt erfðæfni svína má ekki flytja úr einangrunarstöð, sbr. þó 3. mgr. Svín sem tilkomin eru með innfluttu erfðæfni í einangrunarstöð má hins vegar flytja þaðan að fengnu leyfi yfirdýralæknis og uppfylltum skilyrðum 1. mgr.

Matvælastofnun (yfirdýralækni) er heimilt að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði að uppfylltum skilyrðum sem greinir í 8. gr. Einnig má setja skilyrði sem lúta að rannsókn sæðis á einangrunartíma og heilbrigðisástandi og aðbúnaði á því búi þar sem óskað er eftir að nýta sæðið. Komi í ljós að skilyrðum þessum er ekki fullnægt eða Matvælastofnun (yfirdýralæknir) telur smitsjúkdómahættu af sæðinu af öðrum ástæðum skal afturkalla leyfið og eyða sæðinu.“

Rökstuðningurinn fyrir undanþágunum í 13. gr. laganna hefur verið sá að hvert loðdýrabú, alifuglabú og svínabú sé einangrað þannig að viðkomandi dýrategundir ganga ekki lausar og komist ekki í tæri við dýr frá öðrum búum. Þessi skilningur hefur ekki átt við um nautgrip, sauðfé eða hross. Hvort það er ásættanleg áhætta að létta á einhverjum af þeim kvöðum sem gilda um innflutning á nautgripum verður að skoða sérstaklega. Þá væri t.d. eðlilegt að horfa til uppruna sæðisins eða fósturvísanna og meta í því ljósi hvernig mætti breyta reglum.

Einfaldast væri að flytja inn sæði til notkunar á búum bænda, en það væri vissulega mjög stórt skref frá núverandi reglum. Flutningur á sæði inn í einangrunarstöð er aftur á móti seinleg aðferð, jafnvel þótt sæddar væru íslenskar blendingskýr af þeim holdanautakynjum sem fyrir eru í landinu. Þær væru skyldar þeim kúm sem fyrir eru og aðferðin kallaði á hreinræktun með endurteknum sæðisinnflutningi. Þá kæmi upp spurning um flutning á kálfum úr stöðinni og hvernig það rímaði við notkun á innfluttu sæði samtímis.

Einn innflutningur á mörgum óskyldum fósturvísnum gæti verið grunnur að ræktunarbúi sem hugsanlega mætti losa úr einangrun, þannig að naut af annarri kynslóð mættu fara inn á nautastöð BÍ. Það er líklegt að það yrði andstaða við að taka naut fætt af innfluttum fósturvísnum beint inn í nautastöðina.

Ein leið gæti svo verið að nýta þá aðstöðu sem til er í Hrísey og taka sæði úr nautum af fyrstu kynslóðar þar. Til þess þyrfti ekki að breyta lögunum. Án breytingar á lögunum væri hægt að hafa ræktunarbúið bæði sem sæðissöfnunarstöð og framleiðslustöð á kvígum og fósturvísnum með gerð reglugerðar skv. 10. gr. laga nr. 54/1990 ef gripirnir sem eru tilkomnir með innfluttu erfðæfni væru aldrei fluttir út af sóttvarnarstöðinni. 2. mgr. 10. gr. „Þegar tryggt þykir að við innflutning hafi ekki borist neinir erfðagallar eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, frá síðasta innflutningi dýra eða erfðæfnis getur Matvælastofnun heimilað að dýr eða erfðæfni, annað en getið er í 1. mgr., séu flutt úr sóttvarnastöð.“

V. Aukin framleiðsla nautakjöts á Íslandi

Umfjöllunin hér að framan sýnir að unnt er að auka framleiðslu nautakjöts hér á landi ef vilji og nauðsynleg skipulagning er fyrir hendi. Allir aðilar í framleiðslukeðjunni þurfa að taka

verulega á til þess að unnt verði að ná hámarksárangri. Það er bæði unnt að efla nautakjötframleiðslu sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu og einnig og ef til vill engu síður nautakjötsframleiðslu sem sjálfstæða búgrein. Hvort sem menn hyggjast stunda nautakjötsframleiðslu sem sjálfstæða búgrein eða drýgja tekjur í mjólkurframleiðslunni með nautakjötsframleiðslu sem hliðargrein þurfa um það bil sömu aðgerðir að koma til ef unnt á að vera að ná viðunandi arðsemi í framleiðsluna.

V.1 Forsendur fyrir eflingu nautakjötsframleiðslunnar

Hér verður gerð grein fyrir helstu þáttum sem nefndin telur forsendur fyrir því að efla framleiðslu nautakjöts þannig að íslenskt nautakjöt nái hylli íslenskra neytenda í þeim mæli að það geti keppt við aðra kjötframleiðslu í landinu.

V.1.1 Uppeldi og aðbúnaður

Þegar skoðuð er nautakjötsframleiðsla dagsins í dag kemur mjög vel fram hversu mikill breytileiki er í fallþunga sláturgripa. Bestu gripirnir eru greinilega vel þroskaðir og allvel holdfylltir þó af íslenskum uppruna séu. Þó flokkun fallanna sé mjög gróf kemur glögglega fram að allt of oft er verið farga holdlitlum gripum og vanþroska og að vaxtahráði gripa er í mörgum tilfellum vannýttur sem leiðir af sér óhagkvæma framleiðslu Til þess að koma þessu í lag þarf markvissar leiðbeiningar til framleiðenda og skilvirkt eftirlit með þroska gripa sem teknir eru til slátrunar frá hendi sláturhúsanna. Óþarft er að taka fram að þetta á hvort tveggja við um nautakjötsframleiðslu sem aukabúgrein með mjólkurframleiðslu og hjarðbúskapinn.

V.1.2 Flokkun falla-kjötmat- upprunamerkingar

Núverðandi flokkunarkerfi er ónothæft í því skyni að efla nautakjötsframleiðsluna og bæta gæði framleiðslunnar. Upplýsingarnar eru í raun ónothæfar til hverskonar mats á gæðum fallanna. Það er því grundvallaratriði að koma á nýju kjötmati og þá er best að taka upp EUROP-matið hliðstætt því sem er í sauðfjárræktinni. Með slíkri breytingu yrði skorið á tengingarnar milli kúakynsins og flokkunarinnar og fallið metið óháð upprunakyni. Þá myndi raunverulegur munur milli holdablendinga og íslenska kynsins koma í ljós. Það væri til mikilla bóta að koma á upprunamerkingum og þannig skapa þeim sem raunverulega eru að skila góðri vöru sterkari markaðsstöðu og skapa samkeppni sem þegar til lengdar lætur bætur framleiðsluna og skapar meiri verðmæti í greininni.

V.1.3 Skýrsluhald

Í gildi er skyldumerking allra gripa. Eftirfylgni með því að þessari skyldumerkingu sé framfylgt er slæg og þyrfti að gera gangsskör að því að bæta hana til muna. Skýrsluhald er grundvöllur að allri eflingu nautakjötsframleiðslunnar og því þurfa allar aðgerðir til eflingar greinarinnar að byggjast á skylduaðild að skýrsluhaldi, þróun og uppbyggingu markviss skýrslukerfis fyrir kjötframleiðslu og svo og leiðbeiningaþjónustu sem tekur mið af þörfum greinarinnar. Þeir bændur sem stunda nautakjötframleiðsluna sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu eru flestir aðilar að afurðaskýrsluhaldi í mjólk en mikið verk er óunnið hvað varðar þá þætti sem snúa að kjötframleiðslu sem aukagetu til hliðar við mjólkurframleiðsluna og hið sama á við um möguleika þeirra sem stunda hjarðbúskap.. Þangað er hinsvegar mest að sækja í eflingu greinarinnar og því er slík aðgerð eitt af grundvallaratriðum og forsenda fyrir innflutningi nýs erfðaefnis til að bæta stofninn.

V.1.4 Kynbætur-innflutningur erfðaefnis

Holdsofnunareiginleikar eða kjötgæði hafa ekki verið eiginleikar sem valið hefur verið fyrir í íslenska kúastofninum og því hafa þessir eiginleikar ekki breyst með sama hætti og

mjólkurframleiðslueiginleikarnir. Það er þó einboðið að mikill hluti nautakjötsframleiðslunnar muni áfram verða af alíslenskum gripum og því er vert að skoða það hvort ekki væri ástæða til þess að hefja skipulega gagnasöfnun varðandi þessa eiginleika með það að markmiði að unnt verði að reikna út kynbótaeinkunnir fyrir nautin varðandi þá. Holdstöfnunareiginleikar munu ekki verða teknir inn í kynbótamarkmið íslenska stofnsins en það væri unnt að gefa út kynbótaeinkunnir fyrir nautin svo þeir bændur sem það vildu gætu notað þau.

Til þess að unnt verði að efla nautakjötsframleiðsluna hér á landi er mikilvægt að huga að þeim hluta nautgriparæktarinnar sem snýr að kjötframleiðslu sem sjálfstæðri búgrein og þeim framleiðslutækjum sem nautakjötsframleiðendur hafa til umráða. Þar er innflutningur nýs erfðaefnis úr holdakynjum lykilatriði. Slíkur innflutningur myndi einnig nýtast þeim framleiðendum sem rækta blendinga til hliðar við mjólkurframleiðslu þó nýtt erfðaeefni sé ekki forsenda slíkrar framleiðslu þar sem sá möguleiki er nú þegar til staðar með því erfðaeefni sem til er.

Til þess að innflutningur nýs erfðaefnis úr holdakynjum skilaði tilætluðum árangri, í að efla og bæta framleiðsluna þyrfti að koma til sambærilegt skýrsluhald og gildir í mjólkurframleiðslunni. Æskilegt væri að hefja nú þegar forvinnu við að koma því á. Það skilar takmörkuðum árangri að hefja innblöndun erfðaefnis í hjarðir sem meiri og minni óvissa er um ætterni og engar skráningar fyrir hendi af neinu tagi og því nær ómögulegt að leggja mat á ávinning af slíkri aðgerð á fullnægjandi hátt. Innflutningur á erfðaeefni felur í sér þó nokkurn kostnað og því mikilvægt að nýting erfðaefnisins verði sem best og hægt verði að meta árangurinn og fylgja slíkum aðgerðum eftir. Slíkt er ekki mögulegt nema að samstaða náist um að setja upp heildstæða áætlun um eflingu þessarar búgreinar og upptöku skilvirks skýrsluhalds sem yrði grundvöllur að ræktunarstarfi í búgreininni og ráðgjöf til handa þeim bændum sem við hana starfa.

Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvaða kyn henti best til kjötframleiðslu hér á landi eða hvaða kynbótaskipulag ætti að taka upp við ræktunina (blendingsrækt eða hreinrækt) en almennt verður að teljast að grundvallaratriði er að kynið sé kollótt og henti vel við íslenskar aðstæður. Það er því áréttað að mikilvægt er að skoða þau mál vel í ljósi aðstæðna og í samhengi við það skipulag sem stefnt verður að og þá framtíðarsýn sem menn hafa á þróun greinarinnar hér á landi.

V.1.5 Félagsleg samstaða

Landssamband kúabænda er í orði kveðnu með nautakjötsframleiðsluna innan sinna vébanda og sinnti hennri nokkuð vel á fyrstu árum samtakanna en það hefur dalað hin síðari ár. Sérstakt félag nautakjötsframleiðenda er starfandi en hefur ekki náð að virkja bændur til verka á félagslegum grunni eins og nauðsynlegt væri. Í tengslum við átak til eflingar nautakjötsframleiðslunnar þyrfti að taka afstöðu til þess hvort nautakjötsframleiðendur héldu áfram að vera félagar í LK og þar með njóta sambærilegrar þjónustu og kúabændur eða að félag þeirra yrði eflt og fengi þá hlutdeild í þeim hluta búnaðargjaldsins sem rennur til búgreinafélaganna.

VI. Lokaorð

Í dag annar framleiðsla á nautakjöti hér á landi ekki innanlandsmarkaði og árlega er talsvert flutt inn af nautakjöti. Nautakjötsframleiðsla er að stærstum hluta stunduð sem hliðarbúgrein með mjólkurframleiðslu og flestir sláturgripir eru hreinir íslenskir gripir sem ræktaðir eru fyrst og fremst til mjólkurframleiðslu en ekki til kjötframleiðslu.

Erfðaefni úr þrem holdakynjum er til hér á landi og var það flutt inn á sínum tíma til að efla kjötframleiðslu bæði með holdahjörðum (Galloway) og með blendingsrækt (Aberdeen Angus og Limousine). Innlendar rannsóknir sýna að, líkt og búast mátti við, þá henta blendingsgripir mun betur til kjötframleiðslu en gripir af hreinu íslensku kyni. Lítil hópur bænda leggur nú stund á nautakjötsframleiðslu sem aðalbúgrein og hefur eftir fremsta megni reynt að nýta þetta erfðaefni. Vegna lítills fjölda gripa og mikils skyldleika eru möguleikar þessara bænda til sjálfbærrar ræktunar mjög takmarkaðir.

Út frá þeim gögnum sem fyrir liggja er hægt að draga þær ályktanir að talsverðir möguleikar séu til eflingar nautakjötsframleiðslu hér á landi. Á það hvort tveggja við um nautakjötsframleiðslu sem sjálfstæða búgrein og sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu. Forsenda þess að hægt sé að nýta holdagripir til kjötframleiðslu hér á landi í einhverjum mæli, er innflutningur á erfðaefni úr holdakynjum. Til að slíkur innflutningur skilaði sem mestu þarf samhliða að byggja búgreinina upp bæði innan frá sem og umgjörð hennar s.s. skýrsluhald, kjötmat og leiðbeiningaþjónusta. Slíkt myndi líka nýtast þeim framleiðendum sem stunda nautakjötsframleiðslu sem hliðarbúgrein við mjólkurframleiðslu en talsvert virðist skorta á að framleiðslumöguleikar þar séu fullnýttir.

Sú löggjöf sem nú er í gildi varðandi innflutning erfðafnis gerir ráð fyrir að óheimilt sé að flytja inn dýr og erfðaefni nema að sérstakar undanþágur hafi verið gefnar. Fordæmi eru fyrir slíkum undanþágum varðandi nautgripi en kröfur um sóttvarnir og einangrun eru strangar. Skoða þarf vel hvernig standa mætti að innflutning á erfðaefni úr holdakynjum á sem einfaldastan hátt en jafnframt þarf að huga að stöðu landsins gagnvart smitsjúkdómum og að lágmarka áhættu sem kynni að felast í slíkum innflutningi.

VII. Helstu heimildir og upplýsingaveitur:

- Anna Lóa Sveinsdóttir. 2009. Aðbúnaður og vöxtur nautgripa til kjötframleiðslu. Fræðaging landbúnaðarins 2009. Bls. 349-354.
- Án höfundar 2012. Upplýsingar um innflutning á nautakjöti frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.
- Án höfundar 2012. Upplýsingar um nautakjötsframleiðslu og flokkun frá Landsamtökum Sláturleyfishafa
- Án höfundar 2012. Upplýsingar úrskýrsluhaldsgrunni nautgriparæktarinnar
- Án höfundar 2013. Upplýsingar úr gagnagrunni MAST
- Án höfundar 2013. Upplýsingar um nautakjötsframleiðslu ársins 2013 frá Landsambandi kúabænda.
- Jónas Jónsson. Landbúnaður á Íslandi. Bændasamtök Íslands
[http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/fbdc911b0ee259d500256cbb005789b4?OpenDocument&Highlight=0,framr%C3%A6slaLög nr. 54/1990 um innflutning dýra með síðari breytingum](http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/8bbba2777ac88c4000256a89000a2ddb/fbdc911b0ee259d500256cbb005789b4?OpenDocument&Highlight=0,framr%C3%A6slaLög%20nr.%2054/1990%20um%20innflutning%20dýra%20með%20síðari%20breytingum)
- Ólafur E. Stefánsson. 1992. Holdanautastofninn í Hrísey. Skýrsla nr. 2. Búnaðarfélag Íslands.
- Reglugerð nr. 882/2010. Reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða
- Snorri Hilmarsson 2012. Fjöldi hjarðbænda og félagagafjöldi í félagi nautakjötsframleiðenda. Munnleg heimild
- Tilskipun nr. 88/407/ESB um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutningur á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni
- Tilskipun nr. 89/556/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndunum á fósturvísnum húsdýra af nautgripakyni
- Þóroddur Sveinsson. 2012 Blendingsrækt í nautakjötsframleiðslu. Búnaðarblaðið Freyja. Bls 28-32
- Þóroddur Sveinsson og Laufey Bjarnadóttir. 2000. Samanburður á alíslenskum. Angus x íslenskum og Limósín x íslenskum nautgripum. I – Át, vöxtur og fóðurnýting. Ráðunautafundur 2000. Bls 179-195.